

FUNDARGERÐ 8. stjórnarfundar, sem haldinn var 7. apríl 2008 á Egilsstöðum.

Mætt:

Aðalmenn: Anna Kristín Ólafsdóttir, Ólöf Ýrr Atladóttir, Eiríkur Björn Björgvinsson, Elín Heiða Valsdóttir, Hjalti Þór Vignisson og Þórunn Pétursdóttir.

Varamaður: Böðvar Pétursson.

Svo og áheyrarfulltrúi Magnús Hallgrímsson og einnig framkvæmdastjóri, Þórður H. Ólafsson, sem ritaði fundargerð.

Forföll boðaði: Rúnar Þórarinsson

1. *Samþykki dagskrár stjórnarfundar og fundar með Svæðisráði II-Austursvæði*
 - Dagskrár beggja funda samþykktar.
2. *Samþykki fundargerðar 7. stjórnarfundar 4. mars 2008.*
 - Fundargerðin samþykkt án athugasemda.
3. *Fundarefni fundar með svæðisráði II, Austursvæði*

Helstu fundarefni sem ræða á með Svæðisráði II- Austursvæði (kl. 13:00-14:30) eru:

- Samningaviðræður við landeigendur – staða
- Reglugerð fyrir Vatnajökulspjóðgarð – ný drög
- Verndaráætlun-umræða
- Þjóðgarðsvörður á Skriðuklaustri-auglýsing
- Gestastofur
 - Arkitektasamkeppni-staða
- Viðræður við Ferðafélag Fljótsdalshéraðs um aðstöðu og samstarf í Hvannalindum, Kverkfjöllum og Snæfelli-staða.
- Önnur mál

4. *Samningaviðræður við landeigendur - staða.*

Upplýst var að umhverfissráðuneytið hefur sett sig í samband við hluta þeirra aðila sem hafa fengið sent tilboð og mun staðan skýrast enn frekar á næstu vikum.

- Umhverfissráðuneytið verði beðið um samantekt og yfirlit um stöðu málsins (ÞHÓ)

5. Reglugerð fyrir Vatnajökulspjóðgarð – ný drög

Fyrir lágu ný drög að reglugerð fyrir Vatnajökulspjóðgarð, sem unnin höfðu verið af Guðríði Þorvarðardóttur, deildarstjóra hjá Umhverfisstofnun.

Farið var lið fyrir lið yfir drögin og þó nokkrar athugasemdir gerðar og fram komu einnig nokkrar ábendingar.

- Ákveðið að stjórnarmenn fari yfir nýju drögin, sendi þau með athugasemdum og ábendingum sem fyrst til framkvæmdastjóra og lögfræðingur í umhverfissráðuneytinu verði fenginn til að fara yfir og innsendar athugasemdir og unnin verði ný útgáfa af reglugerðinni, sem allra fyrst og sú útgáfa send svæðisráðum til frekari meðferðar, (Skv. 20. gr. laga nr. 60/2007 „skal stjórn Vatnajökulspjóðgarðs í samráði við svæðisráð og Umhverfisstofnun gera tillög til ráðherra um reglugerð fyrir þjóðgarðinn.“)

6. Stofndagur Vatnajökulspjóðgarðs-kynning/ákvörðun

Ræddar voru hugmyndir um stofndag Vatnajökulspjóðgarðs, nefndar voru dagsetningarnar 31. maí og 7. júní. Einnig ræddar hugmyndir um viðburði, dagskrá og staðsetningar.

- Ákveðið var að formenn svæðisráða ræddu fram komnar hugmyndir og fleiri í Svæðisráðum og málið yrði tekið aftur upp á næsta stjórnarfundum.

7. Kynningarfundir og málþing á rekstrarsvæðum þjóðgarðsins-kynning/ákvörðun

Sú hugmynd hefur verið uppi um nokkurt skeið að haldnir verði kynningarfundir á rekstrarsvæðum Vatnajökulspjóðgarðs, nokkru fyrir stofnun þjóðgarðsins.

Kynningarfundirnir yrðu haldnir undir merkjum Vatnajökulspjóðgarðs, sem verði fundarboðandi. Aðrir þátttakendur verði Hollvinasamtök Vatnajökuls, Svæðisráð á viðkomandi rekstrarsvæði og hugsanlega fleiri aðilar.

Markhópurinn verði hinn almenni borgari á svæðunum svo og hagsmunaaðilar og fundirnir verði haldnir á virkum degi utan vinnutíma skömmu fyrir formlega stofnun þjóðgarðsins, sem væntanlega verður í kringum mánaðarmót maí/júní.

Fundirnir verði haldnir í Mývatnssveit, á Egilsstöðum, á Höfn í Hornafirði og á Kirkjubæjarklaustri.

- Formenn svæðisráða hugleiði þessar hugmyndir og dagsetningar og fyrirkomulag kynningarfundanna og endanleg ákvörðun verði tekin sem fyrst.

8. Rekstrarmál:

- *Sumarstarfsfólk 2008-ráðningar/kynning*

Í marsmánuði voru auglýstar lausar stöður í sumarstörf í Vatnajökulspjóðgarði, fyrst og fremst í landvörslu. Umsóknir voru alls um 80 en störf í boði rétt tæplega 40. Verið er að ganga frá ráðningum á flestum svæðum og mun því verki ljúka fyrir miðjan aprílmánuð.

- *Framkvæmdir í Skaftafelli-framvinda/kynning*

Framkvæmdir eru meira og minna á áætlun og ætlað að ljúki fyrir lok maímánaðar.

- *Framkvæmdir í Jökulsárgljúfrum-framvinda/kynning*

Framkvæmdir eru að mestu á áætlun og ætlað að þeim ljúki öllum um miðjan júní.

- *Stafafell í Lóni; landvarðar- og upplýsingastöð/umræða*
- Umræðu frestað þar til fyrir liggur niðurstaða í samningum við landeigendur.

9. „ National Park Planning- General strategies and application in Vatnajökull National Park“

- *Kristveig Sigurðardóttir, skipulagsverkfræðingur*
- Kristveig kynnti stjórninni lokaverkefni sitt úr meistaranámi frá KTH (Tækniháskólanum í Stokkhólmi). Verkefnið fjallar um mikilvæg málefni er varða skipulag þjóðgarða almennt og einnig eru í því lagðar fram skipulagstillögur fyrir Vatnajökulsþjóðgarð. Verkefnið byggir á almennum fræðum um skipulag þjóðgarða, dæmum um verndaráætlanir þjóðgarða í Bandaríkjunum, Kanada, Noregi og Svíþjóð, auk upplýsinga úr ýmsum áttum um svæðið í kringum Vatnajökul.
- Meginmálefni verkefnisins eru markmið þjóðgarða, sjálfbær þróun í þjóðgörðum, samráð við hagsmunaaðila, samgöngumannvirki, skipulagsaðferðir og vöktun.

10. Önnur mál

- *Jöklasýning á Höfn*

Hjalti Þór Vignisson, vék af fundi.

Fyrir lá bréf dagsett 31.03. 2008 frá Jöklasetri ses. á Höfn, þar sem farið er fram á viðræður við stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs um samstarf um rekstur og mögulegan flutning Jöklasýningar í væntanlega Gestastofu á Stekkanesi við Höfn.

- Samþykkt að teknar verði upp viðræður við Jöklasetrið (ÞHÓ), en áréttað að á yfirstandandi ári er ekkert fjármagn til verkefnisins auk þess fyrir liggur að Gestastofa á Höfn mun í fyrsta lagi taka til starfa um eða eftir mitt ár 2012.

Eftir kynningu á efni í fundargerð fundar Svæðisráðs I, Norðursvæði frá 19. mars s.l., Böðvar Pétursson vék af fundi.

- Rædd voru lítillaga þrjú mál frá Svæðisráði I, Norðursvæði og ákveðið að taka þau aftur upp á næsta stjórnarfundum.

11. Næsti stjórnarfundur

- **Næsti stjórnarfundur 15. maí á Höfn í Hornafirði og varamenn verða boðaðir á þann fund**